

Ár 2012, föstudaginn 5. október, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í málinu nr.

E-4457/2011:

Heinz Thaler

gegn

Snælandi Grímssyni ehf.

og

Tryggingamiðstöðinni hf.

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r

I

Mál þetta, sem dómtekið var miðvikudaginn 19. september sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Heinz Thaler, kt. 000000-0000, Unterdorf 16a, 1, 6073 Sistrans AT, Austurríki, með stefnu, þingfestri 22. nóvember 2011, á hendur Snælandi Grímssyni ehf., kt. 000000-0000, Laugarnesvegi 60, Reykjavík, og Tryggingamiðstöðinni hf., kt. 000000-0000, Síðumúla 24, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd in solidum til þess að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð kr. 2.684.776, með 4,5% ársvöxtum af kr. 905.240 samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 13. desember 2007 til 14. febrúar 2009, en af kr. 2.591.776 frá þeim degi til 14. ágúst 2011, og með dráttarvöxtum af kr. 2.684.776 samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafizt málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi, auk þess sem krafizt er virðisaukaskatts af málflytningu.

Dómkröfur stefndu eru þær **aðallega**, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en **til vara**, að sök verði skipt milli aðila. Þá er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu að mati dómsins, en til vara er þess krafizt, að málskostnaður falli niður.

II

Málavextir

Málavextir eru þeir, að stefnandi hóf störf hjá stefnda, Snælandi Grímssyni ehf., í júlí 2006 og starfaði þar sem bílstjóri, auk þess sem hann sá um viðhald rútubifreiða, s.s. þrif og viðgerðir. Þann 13. desember 2007 var stefnandi að sinna viðhaldi rútubifreiðar í húsnæði stefnda, Snælands Grímssonar ehf., að Eldshöfða 18, Reykjavík. Sinnti stefnandi starfinu að beiðni yfirmanns síns, Hlyns Snælands rekstrastjóra stefnda, Snælands Grímssonar ehf. Fólst vinnan í því, að skafa ryð af þakbrún bifreiðarinnar, og stóð stefnandi í stiga, sem hallaði að bifreiðinni. Þegar stefnandi var við vinnu sína rann stiginn undan honum með þeim afleiðingum, að hann féll niður með stiganum og hlaut við það slæmt fótbot. Í kjölfarið leitaði stefnandi á bráðamóttöku Landspítala - háskólasjúkrahúss í Fossvogi. Röntgenmynd og sneiðmynd, sem teknar voru af fæti stefnanda, sýndu brot á teningsbeini vinstri fótár og nærenda fjórða framleistabeins. Þann 18. desember 2007 fór stefnandi í aðgerð, þar sem brotið var rétt. Stefnandi var óvinnufær frá slysdegi til loka janúar 2008, þegar hann kom aftur til starfa, til að byrja með í 50% starf. Stefnandi sinnti áfram sömu störfum og áður hjá stefnda, Snælandi Grímssyni ehf. Slys stefnanda var tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins með bréfi stefnda, Snælands Grímssonar ehf., dags. 15. janúar 2008. Tryggingarstofnun ríkisins var fyrst tilkynnt um slysið í byrjun maí 2008. Þar sem verkefnum hjá stefnda, Snælandi Grímssyni ehf., fór fækkandi, og þar sem stefnandi þjáðist af verkjum í fæti, er hann sinnti starfi sínu, lauk hann störfum í október 2008. Í kjölfarið kveðst hann hafa gegnt ýmsum störfum en hafa fundið, og finni enn þann dag í dag fyrir verkjum í fæti. Í desember 2008 voru skrúfur, sem settar höfðu verið í fótinn til að lagfæra brotið, fjarlægðar. Þrátt fyrir aðgerðina kveðst stefnandi enn þjást af verkjum. Hafi hann ekki fundið starf við hæfi, þar sem ekki reyndi of mikið á fótinn og hafi hann að lokum ákveðið að halda til heimalands síns, Austurríkis, í nóvember 2009, þar sem hann hafi meira og minna dvalizt síðan.

Stefnandi leitaði til Eflingar-stéttarfélags í janúar 2008 og óskaði eftir liðsinni félagsins við rekstur slysamáls síns. Tók lögmaður félagsins við rekstri málsins og óskaði m.a. eftir afstöðu stefnda, Tryggingamiðstöðvarinnar, til bótaskyldu vegna slyssins. Stefndi, Tryggingamiðstöðin sendi í framhaldinu beiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur um vitnaleiðslur fyrir dómi, þar sem félagið taldi fyrirbyggjandi gögn um aðdraganda slyssins misvísandi. Voru í kjölfarið teknar voru skýrslur af stefnanda, Hlyni Snæland rekstarstjóra stefnda, Snælands Grímssonar ehf., og Kristgeiri Sigurgeirssyni verkstjóra stefnda. Þegar skýrslur lágu fyrir hafnaði tryggingafélagið bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu stefnda, Snælands Grímssonar ehf., m.a. með vísan til þeirra skýrslna sem teknar voru fyrir dómi.

Með matsbeiðni, dags. 11. febrúar 2011, var óskað eftir því að dómkvaddir matsmenn mætu afleiðingar slyss stefnanda og voru dómkvaddir til starfans þeir Ragnar Jónsson læknir og Ingvar Sigurðsson hrl. Er matsgerð þeirra dags. 11. maí 2011. Er niðurstaða matsmanna sú, að stefnandi hafi verið tímabundið óvinnufær að fullu frá 13. desember 2007 til 27. janúar 2008 og 50% óvinnufær á tímabilinu 28. janúar til 1. apríl 2008, varanlegur miski hafi verið 5 stig, varanleg örorka 5%

og stöðugleiki hafi verið 14. febrúar 2009. Þegar niðurstöður matsgerðarinnar lágu fyrir greiddi stefndi Tryggingamiðstöðin stefnanda bætur á grundvelli slysatryggingar launþega. Með bréfi dags. 14. júlí 2011 var sett fram skaðabótakrafa á hendur stefnda, Tryggingamiðstöðinni, án árangurs.

III

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að vinnuveitandi beri skaðabótaábyrgð á slysi hans. Honum hafi verið falið af yfirmanni sínum, Hlyni Snæland, að sjá um viðhald á bifreið stefnanda, sem fólst í því að skrapa ryð af þakbrún hennar. Við verkið hafi stefnandi staðið í stiga, sem hann hafi reist upp við bifreiðina. Stiginn hafi verið vanbúinn til þessarar vinnu, en enginn sérstakur öryggisbúnaður hafi verið á stiganum, fyrir utan tvo rifflaða gúmmítappa. Annar búnaður hafi ekki staðið stefnanda til boða. Stiginn hafi runnið undan stefnanda með þeim afleiðingar að hann slasaðist. Stefndi, Snæland Grímsson ehf., hafi borið ábyrgð á því, að allar aðstæður á vinnustaðnum væru öruggar og að tæki og tól væru í lagi, sbr. 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Telji stefnandi, að yfirmönnum hans, sem hafi falið honum að vinna verkið, hafi mátt vera fullljóst, að stórfelld hætta hafi fylgt verktilhöguninni. Stefndi, Snæland Grímsson ehf., hafi ekki kallað til Vinnueftirlit ríkisins svo sem skylt sé skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en samkvæmt lögum sé tilkynningarskylda vinnuveitanda tengd við alvarleika slyss. Ljóst sé, að Hlyni Snæland og Kristgeiri Sigurgeirsyni, starfsmönnum stefnda, Snælands Grímssonar ehf., hafi í síðasta lagi daginn eftir slysið orðið ljóst, að stefnandi hefði slasast svo alvarlega, að tilkynningarskylda hafi verið vafalaus. Þá hafi stefndi ekki farið fram á lögreglurannsókn skv. þágildandi 3. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. einnig f-lið 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Verði að meta þessa vanrækslu stefndu í óhag. Hafi stefndu þannig ekki tekizt að sanna þá staðhæfingu sína, að búnaður og vinnuaðstæður á vinnustað hafi verið í lagi, en sönnunarbyrðin hvíli á honum.

Um lagarök vísi stefnandi til almennu skaðabótareglunnar, sérstaklega til reglna um ábyrgð atvinnurekanda á sagnæmum athöfnum eða athafnaleysi starfsmanna sinna, þ.e. reglum um húsbónðaábyrgð, hertra reglna skaðabótaréttar um ábyrgð vegna vanbúnaðar tækja og áhaldna og vegna vinnu við hættuleg störf. Enn fremur sé vísað til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, einkum ákvæða 13., 14., 21., 22., 23., 37. og 42. gr. laganna. Um aðild stefnda, Tryggingamiðstöðvarinnar, vísist til 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga.

Krafa um vexti af skaðabótakröfu vegna tímabundins atvinnutjóns, þjáningabóta og varanlegs miska byggi á 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en kröfur þessar beri vexti frá slysdegi að telja, eða 13. desember 2007. Krafa um vexti vegna varanlegrar örorku byggi á sama ákvæði, og beri krafan vexti frá stöðugleikapunkti, eða frá 14. febrúar 2009. Krafizt sé dráttarvaxta skv. III. kafla

laga nr. 38/2001 að liðnum mánuði frá kröfu um endurgreiðslu útlagðs kostnaðar úr hendi stefndu hverju sinni, eða af 93.000 kr. frá 14. ágúst 2011. Loks sé krafizt dráttarvaxta af skaðabótakröfu stefnanda í heild sinni að liðnum mánuði frá því að skaðabótakrafan á hendur stefndu hafi verið sett fram með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 14. júlí 2011, eða af 2.591.776 kr. frá 14. ágúst 2011 til greiðsludags.

Um málskostnaðarkröfu stefnanda vísist til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt sé gerð á grundvelli laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta og skila virðisaukaskatti af tekjum. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir þessum hluta kröfu sinnar úr hendi stefndu. Um varnarþing vísist til 33. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skaðabótakrafa stefnanda grundvallist á matsgerð Ragnars Jónssonar læknis og Ingvars Sveinbjörnssonar hrl., dags. 11. maí 2011, og ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Tölulega sundurliði stefnandi skaðabótakröfu sína þannig:

1. Tímabundið atvinnutjón tímabilið 13. desember 2007 til 1. apríl 2008

Laun	kr.	1.034.127
<i>Frádr. Áður greitt</i>	<u>kr.</u>	<u>786.083</u>
Samtals	kr.	248.044
Orlof 10,17%	<u>kr.</u>	<u>25.226</u>
Samtals vangreitt	kr.	273.270

2. Bætur fyrir þjáningar

Rúmliggjandi	2 dagar * 2.950 kr.	kr.	5.900
Án rúmlegu	108 dagar * 1.590 kr.	<u>kr.</u>	<u>171.720</u>
Samtals vangreitt		kr.	177.620

3. Varanlegur miski

9.087.000 kr. * 5% kr. 454.350

4. Varanleg örorka

5.746.164 kr. * 7,633 * 5% kr. 2.193.023

Frádráttur: örorkubætur úr slysatryggingu launþega kr. 506.487

Samtals kr. 1.686.536

Tjón samtals kr. 2.591.776

5. Útlagður kostnaður

Kostnaður vegna örorkumats kr. 90.000

Skattframtöl kr. 3.000

Samtals kr. 93.000

Krafa samtals kr. 2.684.776

Krafizt sé bóta vegna tímabundins atvinnutjóns skv. 2. gr. skaðabótalaga. Stefnandi hafi verið metinn óvinnufær með öllu frá 13. desember 2007 til 27. janúar 2008 og 50% óvinnufær frá 28. janúar til 1. apríl 2008. Beri stefnanda réttur til greiðslu launa vegna þessa tímabils. Við útreikning tímabundins atvinnutjóns séu lögð til grundvallar meðaltalslaun stefnanda hjá stefnda, Snæland Grímssyni ehf., tímabilið apríl til og með nóvember 2007, að viðbættu orlofi. Heildarlaun stefnanda á tímabilinu hafi numið samtals kr. 3.182.042, eða sem svari meðaltalsmánaðarlaunum að fjárhæð kr. 397.775. Brúttó nemi krafan kr. 1.034.127 skv. verðlagi á slysdagi. Til frádráttar komi greidd laun á tímabilinu kr. 679.186 frá stefnda, Snælandi Grímssyni ehf., og kr. 106.897 í dagpeninga frá stefnda,

Tryggingamiðstöðinni.

Við ákvörðun þjáningabóta skv. 3. gr. skaðabótalaga sé lagt til grundvallar, að stefnandi hafi verið veikur án rúmlegu í 108 daga og í 2 daga rúmfastur. Fjárhæð þjáningabóta sé kr. 2.950 þá daga, sem stefnandi hafi verið, rúmliggjandi og kr. 1.590 fyrir þá daga, sem stefnandi hafi verið veikur án rúmlegu. Tekið hafi verið tillit til breytingar á lánskjaravísitölu, sbr. 15. gr. skaðabótalaga.

Krafizt sé bóta fyrir varanlegan miska skv. 4. gr. skaðabótalaga og miðist bæturnar við metinn miska, 5 stig.

Útreikningur bóta fyrir varanlega örorku fari skv. 6. og 7. gr. skaðabótalaga. Við ákvörðun árslaunaviðmiðs við útreikning bótakröfu vegna varanlegrar örorku sé byggt á ákvæði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Ekki sé unnt að ákvarða árslaun skv. meginreglu 1. mgr. 7. gr., þar sem stefnandi hafi hafið störf á Íslandi á árinu 2006. Árslaunamiðvið grundvallist á meðaltalslaunum stefnanda frá stefnda, Snælandi Grímssyni ehf., fyrir slys, að viðbættu mótframlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóð og að teknu tilliti til hækkunar launavísitölu til stöðugleikapunkts, þar sem telja verði, að sá mælikvarði sé réttari, hvað varði líklegar framtíðartekjur stefnanda. Vísist hér einnig m.a. til Hæstaréttardóms frá 10. júní 2010 í máli nr. 646/2009. Heildarlaun stefnanda hjá stefnda, Snælandi Grímssyni ehf., til og með nóvember 2007 hafi numið samtals kr. 3.182.042, eða kr. 4.773.063 á ársgrundvelli. Að viðbættu 8% mótframlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóð og að teknu tilliti til hækkunar launavísitölu til stöðugleikapunkts sé árslaunaviðmiðið kr. 5.746.164. Til frádráttar útreiknuðum bótum fyrir varanlega örorku komi örorkubætur úr slysatryggingu launþega að fjárhæð kr. 506.487, í samræmi við ákvæði skaðabótalaga þar um.

Krafa vegna útlagðs kostnaðar sé vegna skattframtala, örorkumats og ferðakostnaðar stefnanda til að koma í örorkumat. Vísist hér til dómskjala nr. 25-27. Þess beri að geta, að þar sem reikningur vegna ferðarkostnaðar stefnanda sé í evrum, sé við útreikning miðað við miðgengi evru þann dag, sem kaup á flugi og hóteli hafi átt sér stað. Samkvæmt upplýsingum af vef Seðlabanka Íslands svari 1 evra til kr. 158.81. Samtals nemi ferðakostnaður því kr. 70.035 (441 evra * 158.81 kr.).

Málsástæður stefnda

Aðalkrafa um sýknu

Stefndu mótmæla því, að slys stefnanda sé að rekja til sakar stefnda, Snælands Grímssonar ehf., eða starfsmanna hans, vegna vanbúnaðar og óforsvaranlegra

vinnuaðstæðna, eins og stefnandi byggir á í málinu.

Stefnandi hafi unnið við minni háttar viðhald í umrætt sinn á einni af bifreiðum stefnda, Snælands Grímssonar í starfstöð hans að Eldshöfða 18, Reykjavík. Hafi hann verið að skrapa og þússa ryðbletti, sem síðar hafi átt að lakka. Við verkið hafi hann notast við verkfæri til að skrapa með og vírbursta. Um þetta séu aðilar sammála. Aðilar séu einnig sammála um, að stefnandi hafði sinnt sambærilegri viðhaldsvinnu áður hjá stefnda Snælandi Grímssyni. Verkið verði að teljast einfalt.

Við vinnuna hafi stefnandi notað álstiga í eigu stefnda Snælands Grímssonar, sem unnt sé að nota ýmist sem stiga eða tröppu. Stefnandi hafi sjálfur stillti stiganum upp í umrætt sinn. Álstiginn hafi verið að venjulegri gerð, útbúinn með gúmmiefni á fótum, sem sé m.a. ætlað að koma í veg fyrir, að hann renni til. Stiginn hafi verið breiðari að neðan og með þverbita, sem líkast til sé ætlað að auka stöðugleika hans. Stiginn hafi því haft þá öryggiskosti, sem gera megir áskilnað um með tilliti til þeirra verka, sem hann hafi verið notaður til hjá stefnda Snælandi Grímssyni. Stiginn geti því ekki talizt vanbúinn, og verði skaðabótaábyrgð því ekki byggð á þeirri málsástæðu.

Þar sem um einfalt verk hafi verið að ræða og aðbúnaður á vinnustað hafi verið á þann hátt, sem að framan sé lýst, verði að mótmæla þeirri málsástæðu stefnanda, að yfirmönnum hans hefði mátt vera fullljóst „að stórfelld hætta fylgdi verktilhöguninni“, eins og segi í stefnu. Sé og þeirri staðhæfingu stefnanda, að slys hefðu átt sér stað áður, mótmælt sem ósannaðri. Þá geti það ekki leitt til skaðabótaskyldu, að stefndi, Snæland Grímsson, hafi, eftir slysið, fest kaup á hjólapalli.

Varakrafa um skipta sök

Stefnandi hafi verið á 49. aldursári er hann slasaðist 13. desember 2007. Hann hafi unnið hjá stefnda, Snæland Grímssyni, frá árinu 2006. Hann hafi áður sinnt sambærilegri viðhaldsvinnu í störfum sínum og áður notað margumræddan stiga við störf sín. Hann hafi sjálfur stillt stiganum upp við verkið. Hann byggir sjálfur á því, að yfirmönnum hans „hefði mátt vera fullljós að stórfelld hætta fylgdi verktilhöguninni“, eins og segi í stefnu. Sé fallizt á, að vinnuveitandi beri skaðabótaábyrgð á slysi stefnanda, sé því óhjákvæmilegt að fella einnig meðábyrgð (eigin sök) á stefnanda vegna slyssins.

Upphafstíma dráttarvaxta sé mótmælt og telji stefndi, að miða eigi við síðara tímamark, sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Stefndu geri ekki tölulegan ágreining um dómkröfur stefnanda. Kostnaður vegna örorkumats og vegna skattframtala sé stefnanda, þar sem stefndi Tryggingamiðstöðin hafi aðeins samþykkt að standa að eins lækni mati vegna uppgjör á bótaskyldu úr slysatryggingu launþega, en ekki örorkumati á grundvelli skaðabótalaga.

Stefndi vísi til almennra reglna skaðabótaréttarins, einkum um hina almennu sakarreglu, vinnuveitendaábyrgð og meðábyrgð tjónþola. Málskostnaðarkrafa

stefndu styðjist við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV

Forsendur og niðurstaða

Í marz 2010, eða um tveimur árum áður en mál þetta var höfðað, fóru fram skýrslutökur fyrir dómi í sérstöku vitnamáli vegna slyss stefnanda. Skýrslu gáfu stefnandi, Heinz Thaler, Hlynur Snæland, einn eigenda stefnda Snælands Grímssonar ehf. og rekstrarstjóri yfir bílaflota fyrirtækisins, og Kristinn Sigurgeirsson, starfsmaður stefnda Snælands Grímssonar ehf. Lögmennt aðila töldu ekki þörf á frekari skýrslutökum við aðalmeðferð málsins.

Stefnandi byggir á því, að umræddur stigi hafi verið vanbúinn til þess verks, sem hann var notaður við, þegar slysið varð, þar sem ekki hafi verið á honum fullnægjandi öryggisbúnaður. Þá byggir stefnandi á því, að þar sem slysið hafi hvorki verið rannsakað af hálfu Vinnueftirlitsins, né hafi farið fram á því lögreglurannsókn, beri stefndi sönnunarbyrðina fyrir því, að búnaður og aðstæður á vinnustað hafi verið í lagi.

Ágreiningslaust er með aðilum, að umræddur stigi hafi verið í góðu lagi sem slíkur og hafi fullnægt þeim kröfum, sem gerðar eru til einfaldra stiga, sem jafnframt er hægt að nýta sem tröppu. Á stiganum voru gúmmífóðraðir fætur á þeim enda stigans, sem nam við gólf, auk þess sem stiginn var breiðari við neðstu rim, með þverbita, sem reyndar er ekki ljóst, hvaða tilgangi þjónaði.

Stefnandi byggir á því í stefnu, að stiginn hafi runnið undan honum, og er ekki að finna frekari lýsingu á því, hvernig það vildi til. Í framburði sínum fyrir dómi lýsir stefnandi því annars vegar svo, að stiginn hafi runnið undan honum og hann hafi fallið niður og stiginn, eða eitt þrep hans, hafi lent undir vinstra færi hans. Hins vegar lýsti hann atvikum svo, nánar aðspurður, að stiginn hafi runnið til hliðar og hann dottið með stiganum.

Það liggur fyrir, að stefnandi reisti stigann sjálfur upp að bifreiðinni, sem hann var að vinna við, og kveðst hann hafa staðið einhvers staðar á eftir þriðjungu stigans. Stefnandi var ekki með önnur áhöld við vinnuna en vírbursta og einhvers konar tæki til að skafa með, en þegar slysið varð, var hann að nota annað þessara verkfæra. Hann hafði áður unnið á þessum stiga við sams konar vinnu.

Eins og málsatvikum er háttað í máli þessu, verður að telja að um fremur einfalt verk hafi verið að ræða, þar sem stefnandi vann við að skrapa ryð á þaki rútubifreiðar. Stigi sá, sem notaður var til verksins var í alla staði til þess búinn að geta staðið upp við vegg, eða eftir atvikum hlið kyrrstæðrar bifreiðar.

Stefnandi var ekki inntur eftir því við skýrslutökur, hvort hann hefði verið að teygja sig til hliðar með skröpunu, þegar stiginn rann til hliðar, en það er nokkuð ljóst, að til þess að stigi sem þessi renni til hliðar, svo sem hér gerðist, þurfi að koma ójafnvægi á hann af hálfu þess, sem í honum stendur, sé ekki um utanaðkomandi átak að ræða. Hefur stefnandi enda ekki bent á nein þau atvik í

umhverfi hans, sem hefðu getað valdið því að stiginn rynni undan honum til hliðar. Þá liggur fyrir, að stefnandi reisti sjálfur stigann upp að bifreiðarhliðinni og ber ábyrgð á því, að hann hafi verið stöðugur, þegar stefnandi fór upp í hann. Þykir því nokkuð ljóst, að slys stefnanda stafi af óhappatilviki, sem stefnandi var sjálfur valdur að. Þykir ósannað, að um vanbúnað við verkið hafi verið að ræða, enda þótt annar búnaður, eins og síðar var tekinn í notkun hjá fyrirtækinu, kunni að hafa verið betur fallinn til slíks verks. Enda þótt slysið hafi ekki verið rannsakað af Vinnueftirliti eða lögregla kvödd á staðinn, þykir ekki sýnt að slík rannsókn hefði getað varpað frekara ljósi á málsatvik, en þess ber að gæta, að stefnandi stóð sjálfur upp eftir slysið, afþakkaði alla hjálp og gekk hjálparlaust út á strætisvagnstöð, þar sem hann tók strætisvagn heim. Máttu fyrirsvarsmenn stefndu því ekki gera sér grein fyrir alvarleika meiðsla stefnanda fyrr en næsta dag, þegar hann tilkynnti þeim um meiðsl sín.

Samkvæmt öllu framansögðu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt að hver aðila beri sinn kostnað af málinu.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

-

D Ó M S O R Ð

Stefndu, Snæland Grímsson ehf. og Tryggingamiðstöðin hf., eru sýkn af kröfum stefnanda, Heinz Thaler.

Aðilar beri hver sinn kostnað af málinu.

Sigríður Ólafsdóttir